

Föstudaginn 7. október 1938.

Nr. 54/1938. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Frederick Rippin (Theodór B. Líndal).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í
 landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt, sem lagður hefir verið fram í hæstarétti, staðarákvörðun þá, sem skipstjóri varðskipsins „Ægir“ ásamt 1. og 2. stýrimanni gerði kl. 10.53 og staðarákvörðun sömu yfirmanna varðskipsins kl. 11.32 við dufl það, sem sett hafði verið út frá varðskipinu kl. 10.44. Samkvæmt niðurstöðu skólastjórans hefir togari kærða verið 0.83 sjómilur innan landhelgi kl. 10.53 og staður duflsins verið 0.77 sjómilur innan landhelgi. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að sektin verði með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 47.74, kr. 21000.00, og afpláni kærður sektina með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birting dóms þessa. Svo greiði kærður og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að sekt kærða ákveðst 21000 krónur, sem afplánist með einföldu fangelsi í 7 mánuði, ef hún

greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Frederick Rippin, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theodórs B. Línal, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. apríl 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Frederick Rippin, skipstjóra á togaranum Seddon G. Y. 991, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 1920 sbr. lög nr. 4 1924.

Kærður kveðst vera 30 ára að aldri. Hann hefir ekki, svo kunnugt sé, gerzt áður sekur við íslenzka fiskveiðalöggjöf.

Í gærmorgun kl. 9.20 var varðskipið Ægir statt út af Garðskaga og hélt suður með landhelgilínunni. Klukkan 10.40 hélt varðskipið að togara kærðs, Seddon G. Y. 991, sem virtist vera innan landhelgilínunnar. Gaf varðskipið því næst stöðvunarkerki og skaut síðar, þegar togarinn ekki stoppaði, púðurskoti.

Kl. 10.50 stöðvaði togarinn og byrjaði að draga inn stjórnborðsvörpu, sem var úti.

Kl. 10.53 gerði skipherra varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun rétt hjá togaranum, meðan varpan var höluð upp:

Stafnesviti

> 46° 21'

Kirkjuvogskirkja

> 55° 23'

Sýrfell

Gefur það stað togarans 0.9 sjómílur innan landhelgilínunnar.

Kl. 10.44 setti varðskipið út bauju rétt utan við togarann. Staðarákvörðun baujunnar er þessi:

Stafnesviti

> 45° 55'

Kirkjuvogskirkja

> 54° 25'

Sýrfell

eða 0.8 sjómilur innan landhelgilínunnar.

Skipherra varðskipsins bauð kærðum að athuga mælingarnar, en hann afþakkaði það. Hann framkvæmdi aftur á móti sjálfur kompásmiðanir og hefir véfengt staðarákvarðanir skipherra, með tilvísun til árangurs þeirra.

Um borð í varðskipinu tók kærður þessar miðanir: (réttvísandi)

Stafnesviti 41°

Reykjanesviti 154°

Að tilhlutun réttarins setti skipherra þessa miðun út í sjókort, og gaf það staðinn 0.9 sjóm. innan landhelgilínu.

Samkvæmt eigin ósk fékk kærður síðan leyfi til að fara um borð í togarann og framkvæmdi staðarákvarðanir þar. Þar kveðst hann hafa miðað stað baujunnar á þessa leið:

Stafnes A t N

Reykjanes S ½ A

Eldey SV ½ S.

Einnig þessa miðun setti skipherra út í sjókort réttarins. Komu þá fram 4 mismunandi staðir 0.4—0.8 sjóm. utan landhelgilínunnar.

Að álitu réttarins verður að leggja mælingar varðskipherrans til grundvallar dómi í málinu, enda geta þær á engan hátt orðið véfengdar með hinum ónákvæmu miðunum kærðs, sem þar að auki eru ekki staðfestar af öðrum.

Samkvæmt þessu verður að telja, að kærður hafi gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Refsing hans þykir, með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag, hæfilega ákveðin 20200.00 króna sekt.

Sektin renni til landhelgisjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa,

afplánist hún í einföldu fangelsi í 7 mánuði. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Seddon G. Y. 991, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað málsins.

Málið hefir verið rekið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Frederick Rippin, greiði 20200.00 krónur í sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Seddon G. Y. 991, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. október 1938.

Nr. 53/1938. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Sigurjóni Jóhannessyni

(Einar B. Guðmundsson)

og

Magnúsi Norðdal

(Garðar Þorsteinsson).

Tveir bifreiðarstjórar sektaðir og sviptir ökuleyfi vegna ölvunar við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn hinum kærðu, sem báðir eru bifreiðarstjórar, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70/1931 og áfengislögum nr. 33/1935.